

REGLUGERÐ

um kennslanefnd.

1. gr.

Skipun og skipulag nefndarinnar.

Stjórnarfarslega heyrir kennslanefnd undir ríkislöggreglustjóra og getur hann gefið út nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

Nefndina skipa tveir rannsóknarlöggreglumenn, réttarlæknir og tannlæknir. Skal annar rannsóknarlöggreglumannanna vera formaður nefndarinnar. Fyrir hvern nefndarmann skulu vera a.m.k. tveir varamenn.

Að fenginni tillögu frá ríkislöggreglustjóra, landlækni og tannlæknadeild Háskóla Íslands, skipar dómsmálaráðherra nefndarmenn og varamenn til þriggja ára.

2. gr.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin skal leitast við að bera kennsl á menn, er margir hafa týnt lífi í flugslysi, skriðuföllum, snjóflóðum, flóði eða skipstapa eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast.

Við störf sín skal nefndin tryggja að gögn, sem finnast og geta haft þýðingu við að varpa ljósi á orsakir óhappar eða ábyrgð á óhappi, verði varðveitt.

Nefndin skal halda gerðarbók um rannsóknir sínar. Í hana skal fára nákvæmlega allar niðurstöður.

Nefndinni ber að semja skýrslu um niðurstöður sínar. Þegar þær lúta að því að kennsl séu borin á einhvern, skal tilgreint á hvaða atriðum niðurstöðurnar séu byggðar.

3. gr.

Skipan nefndarinnar í einstöku máli.

Ríkislöggreglustjóri ákveður í samráði við hlutaðeigandi löggreglustjóra og formann nefndarinnar, hvort nefndin skuli starfa fullskipuð eða einstakir nefndarmenn taki þátt í rannsókn tiltekins máls.

Á sama hátt skal ákveða hvort kveðja skuli aðra sérfræðinga til.

4. gr.

Vettvangur rannsóknar.

Störf nefndarinnar fara að jafnaði fram í Reykjavík. Þó getur ríkislöggreglustjóri ákveðið að höfðu samráði við hlutaðeigandi löggreglustjóra og formann nefndarinnar hvort störf nefndarinnar skuli fara fram að nokkru eða öllu leyti á vettvangi eða annars staðar, og lýtur kennslanefnd þá stjórn viðkomandi löggreglustjóra.

5. gr.

Tilkynning um slysfarir og fund óþekktra líka. – Beiðni um aðstoð.

Löggreglustjórar skulu þegar í stað tilkynna ríkislöggreglustjóranum og leita aðstoðar hans í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar fundist hefur lík eða líkamsleifar af óþekktum manni.
- Við meiri háttar slysfarir, þ.e. þegar skyndilegir atburðir gerast á Íslandi, sem stafa af náttúruhamförum, slysum eða ásetnings- eða gáleysisverknaði, t.d. skriðufalli, flugslysi, sjótjóni, sprengingu eða bruna, þar sem margir menn láta lífið og sum líkanna eru þannig á sig komin, að eigi reynist unnt að bera kennsl á þau án sérfraðilegrar aðstoðar.

Löggreglustjórar geta leitað eftir aðstoð frá kennslanefndinni í öðrum tilvikum. Ríkislöggreglustjórin ákveður hvort orðið skuli við slíkri beiðni.

6. gr.

Ábyrgð á stjórn rannsóknar o.fl.

Lögreglustjóri á slysstað stjórnar rannsókn og meðferð máls nema tekin hafi verið ákvörðun um að fela öðrum lögreglustjóra eða rannsóknarnefnd það hlutverk. Skýrslu um rannsókn máls og endurkennsl skal kennslanefnd skila til lögreglustjóra.

Mikilvægt er að lögregla fari á vettvang, varðveiti gögn og tryggi að þau spillist ekki. Lík, ummerki o.p.h. skal varðveita óhreyfð, sé þess nokkur kostur og ber að vernda þau eftir föngum.

Að öðru leyti er skírskotað til almennra starfsreglna um rannsókn alvarlegra brota, vettvangs-rannsókn og sérfræðilega aðstoð.

Ef rannsókn þarf að fara fram erlendis, að nokkru eða öllu leyti, skal leita ferðaheimildar hjá dómsmálaráðuneytinu með venjulegum hætti.

7. gr.

Tilkynning til ríkislöggreglustjóra um horfna menn.

Til þess að kennsl verði borin á lík eða líkamsleifar sem finnast er afar mikilvægt að haldin sé fullkomin skrá um horfna menn og upplýsingar um þá varðveittar á einum stað. Þess vegna er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- a. Að ríkislöggreglustjóra sé tilkynnt eins fljótt og unnt er um einn eða fleiri, sem saknað er, ef telja má, að hann eða þeir séu látnir.
- b. Lögregla skal þegar afla upplýsinga um þann eða þá sem saknað er og fylla út eyðublöð sem ríkislöggreglustjóri létur í té í því skyni.
- c. Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að maður hefur horfið og ekki komið fram, skal senda ríkislöggreglustjóra upplýsingar sem aflað var um hinn horfna.
- d. Hafi maður horfið við þær aðstæður, að vitað er eða talið mjög líklegt að hann hafi farist skal senda upplýsingarnar, sem getið er í b-lið, eins fljótt og mögulegt er.

8. gr.

Fundir nefndarinnar.

Nefndarmenn og staðgenglar þeirra skulu hið minnsta koma saman til fundar einu sinni á ári, þar sem þeir beri saman bækur sínar um helstu nýjungar í tækjabúnaði og starfsaðferðum á þessu sviði. Á fundunum skal einnig ræða annað, er máli skiptir varðandi störf nefndarinnar.

Formaður skal sjá til þess að fundargerð verði rituð og ríkislöggreglustjóra sent eintak hennar.

Við lok hvers árs skal formaður taka saman greinargerð um störf nefndarinnar.

9. gr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar.

Starf löggreglumanna, sem skipaðir eru í nefndina, telst hluti löggreglutarfs þeirra og er launað sem slíkt.

Fyrir starf annarra nefndarmanna skal greiða þóknun samkvæmt gildandi töxtum fyrir sérfræði-störf. Þóknun greiðist af málskostnaðarreikningi samkvæmt venjulegum greiðsluskilmálum.

Ferðakostnaður vegna funda samkvæmt 1. mgr. 8. gr. og funda sem haldnir eru erlendis og nauðsynlegt þykir að sækja skal greiðast af rekstrarfé ríkislöggreglustjóra.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 40. gr. löggreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Nr. 350

17. mars 2009

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn, nr. 401 27. júní 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 2009.

Ragna Árnadóttir.

Gunnar Narfi Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2009